

Mál nr. 13/2007

**M
og
Vátryggingafélagið X v/ ábyrgðartryggingar V.**

Vinnuslys í endurvinnslustöð V í Reykjavík þann 5.10.2004.

Gögn.

1. Málskot, móttekið 16.1.2007, ásamt fylgigögnum.
2. Bréf X, dags. 5.2.2007, ásamt fylgigögnum.

Málsatvik.

M starfaði sem vaktstjóri í endurvinnslustöð hjá V. Þann 5.10.2004 fór hún ofan í gám til að raða timbri í honum. Vildi þá svo til að vörubretti var hent ofan í gáminn með þeim afleiðingum að það lenti í höfði M og baki og hlaut hún meiðsl af. M kvaðst hafa snúið baki í þann sem henti brettinu og ekki tekið eftir því þegar því var hent ofan í gáminn. M var ekki með hjálm á höfði, þegar slysið varð. M hafði starfað um 8 ½ ár hjá V er slysið varð.

Í öryggisbók V, dags. 25.8.2005, segir m.a. svo um gáma og gámalosun: *“Þegar starfsmaður fer ofan í gám til þess að raða í hann ber honum að nota hjálm. Hafa ber í huga að hætta getur skapast ef viskiptavinur sem ætlar að losa í gáminn sér ekki starfsmanninn sem er ofan í honum.”*

Í starfslýsingu fyrir vaktstjóra á endurvinnslustöð hjá V, dags. 2.2.2005, kemur fram í 1. gr. að á hverri vakt sé einn vaktstjóri og hann beri ábyrgð á vaktinni. Það þýði m.a. að hann þekki vel til allra vinnuferla. Þá segir að vaktstjórinn skuli tryggja að allir starfsmenn fari eftir settum starfsreglum sem og öryggisreglum. Í 6. gr. starfslýsingarinnar segir: *“Verkstjóri ber ábyrgð á því að öllum öryggismálum sé framfylgt í hvívetna. Hann kemur með tillögur til úrbóta og bendir á það sem má fara betur og kemur þeim til umsýðarmanna.”*

Álit.

Þótt framangreind öryggisbók V og starfslýsing fyrir vaktstjóra hafi verið gefin út á árinu 2005 verður ekki annað ráðið en sams konar starfslýsing og öryggisreglur hafi verið í gildi þegar slysið varð. Mátti M vera ljóst að mjög hættulegt gat verið að fara ofan í gám til vinnu þar án þess að gera sérstakar ráðstafanir til að koma í veg fyrir að hlutum væri hent ofan í gáminn, svo sem með því að annar starfsmaður vaktaði gáminn meðan á vinnunni stóð. M gegndi stöðu vaktstjóra í endurvinnslustöðinni með þeim starfsskyldum sem því fylgdi, jafnframt sem hún hafði margra ára starfsreynslu hjá V. Sýndi M gáleysi með því að hafa farið ofan í gáminn umrætt sinn án þess að hafa gert viðhlítandi ráðstafanir til að koma í veg slys eins og hún varð fyrir. Ekki hefur verið sýnt fram á að slysið verði rakið til ófullnægjandi öryggisreglna, ónógrar verkstjórnar eða annarra atvika sem V getur borið ábyrgð á. Bótaábyrgð verður því ekki lögð á V vegna líkamstjóns M.

Niðurstaða.

V ber ekki bótábyrgð á líkamstjóni M.

Reykjavík, 27. febrúar 2007.

Rúnar Guðmundsson hdl.

Valgeir Pálsson hrl.

Jón Magnússon hrl.